

2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknarstofu er sem hér segir:

Rannsóknamaður	1 075,00
Sérfræðingur	1 255,00

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

4. gr.

Gjaldskráin skal endurskoðast í júlí ár hvert.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast gildi 1. júlí 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

1. júlí 1986

Nr. 325

AUGLÝSING

**um (fimmtu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða
utan Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími Garðabæjar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18:30.

Laugadaga 11—14.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1986.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

25. júní 1986

Nr. 326

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarfélagið Sporið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 25. júní 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarfélagið Sporið.

1. gr.

Félagið heitir Líknarfélagið Sporið.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem hefur átt í vanda vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna, til þess að ná fótfestu á ný.

3. gr.

Í þessum tilgangi skal félagið eiga og reka húsnæði þar sem það leigir út herbergi. Þar skulu íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum vistarverum og not af sameiginlegri aðstöðu og eiga kost á fæði á staðnum. Í húsinu skulu haldnir hópfundir og viðtöl reglulega, sem standi til boða þeim sem áhuga hafa. Íbúarnir skulu ekki neyta vímuefna í húsinu eða utan þess meðan þeir búa þar.

4. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður í nafni félagsins með stofnfé kr. 10 000,00 — tíuþúsund —, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, húsaleiga og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Tekjum sjóðsins skal aðeins ráðstafað til þeirrar starfsemi sem að framan er lýst.

5. gr.

Stofnendur og stjórn félagsins er:

Stjórnarformaður: Brynjólfur Eyvindsson.
Meðstjórnendur: Guðrún B. Sveinsdóttir,
Kristinn Guðbrandsson,
Gyða P. Þórarinsdóttir,
Sigurður P. Kristjánsson,
Sigríður K. Gunnarsdóttir,
Þórarinn Tyrfingsson.

6. gr.

Stjórnarmanni skal vikið úr stjórninni, breyti hann í ósamræmi við markmið félagsins. Eins getur stjórnarmaður hætt að eigin ósk, en til annarra breytinga á skipan stjórnar, þarf samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað stjórnarfund og skal halda um þá fundargerðarbók. Þeir skulu vera a. m. k. tveir hvert ár.

8. gr.

Í byrjun hvers árs skulu lagðir fyrir stjórnina endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir síðan gerðir opinberir.

9. gr.

Til að fjárhagslegar skuldbindingar félagsins séu gildar, þarf undirskrift formanns ásamt minnst einum öðrum stjórnarmanni. Stjórnin getur ráðið starfsmenn á launum til að sinna einstökum þáttum starfseminnar, ef þörf krefur. Stjórnin veitir prókúruumboð.

10. gr.

Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til einhverra þeirra aðila sem vilja halda áfram sömu starfsemi og stjórnin treystir til þess.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.